

1509112



Sveitastjórnir

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 1. september 2015
Tilv.: UMHI4090057/54-11

Efni: Boð á IX. Umhverfisþing 9. október 2015

Hér með boða ég til níunda Umhverfisþings föstudaginn 9. október 2015. Þingið ferð fram á Grand Hótel Reykjavík og er fulltrúum sveitafélagsins boðið að taka þátt í þinginu.

Samspil náttúru og ferðamennsku verður meginþema þingsins að þessu sinni. Susan Davies forstjóri Scottish Natural Heritage verður heiðursgestur og mun flytja erindi um reynslu Skota af því að samþætta ferðamennsku náttúruvernd og sjálfbærri nýtingu auðlinda.

Í ljósi stöðugt vaxandi fjölda ferðamanna er nauðsynlegt að leita allra leið til þess að tryggja vernd náttúrunnar og sjálfbæra nýtingu hennar. Á þinginu verða flutt erindi þar sem þessi málefni verða í brennidepli. Drög að dagskrá þingsins má finna á heimasíðu ráðuneytisins www.uar.is.

Nauðsynlegt er að allir þátttakendur skrái sig á vefsíðu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, <http://www.umhverfisraduneyti.is/umhverfisthing-2015/skraning>, **eigi síðar en 2. október nk**. Þingið er öllum opið svo lengi sem húsrúm leyfir. Þinggestir eiga þess kost að kaupa mat af hlaðborði á Grand hótél á kr. 3300.-

Það er von mín að þingið verði vettvangur upplýstrar umræðu og skoðanaskipta um náttúruvernd og ferðamennsku og geti nýst stjórnvöldum við stefnumótun og almennt til að efla umræðu um þessi málefni hér á landi.

Sigrún Magnúsdóttir